

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/44/22

frá 1. apríl 2005

um nákvæmar reglur um eftirlit með markmiðum um endurnotkun/endurnýtingu og endurnotkun/endurvinnslu sem eru sett fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB um úr sér gengin ökutæki (*)

(tilkynnt með númeri C(2004) 2849)

(2005/293/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

- 4) Til að koma á jafnvægi milli hættunnar á ónákvæmni og vinnu stjórnsýslunnar við öflun nákvæmra upplýsinga er aðildarríkjum heimilt að nota mat á málminnihaldi til að ákvarða hversu mikið magn málma verður endurnýtt úr ökutækjum sem eru úr sér gengin.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB frá 18. september 2000 um úr sér gengin ökutæki (¹), einkum þriðju undirgrein 2. mgr. 7 gr.,

- 5) Nota skal aðgengileg gögn um ökutæki á stöðluðu formi til að ákvarða þyngd einstakra ökutækja.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt tilskipun 2000/53/EB er þess krafist að framkvæmdastjórnin setji nákvæmar reglur sem eru nauðsynlegar vegna eftirlits með því hvort aðildarríkin nái þeim markmiðum sem sett eru í fyrstu undirgrein 2. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar. Nægilegt er að aðildarríkin sýni fram á að tekist hafi að ná a.m.k. þeim markmiðum sem krafa er gerð um.

- 6) Við útreikninga á því hversu vel tekst að ná markmiðunum skal ekki taka tillit til eldsneytis sem fjarlægt er þegar ökutæki eru rifin þar sem áreiðanlegar upplýsingar um magn eldsneytis í úr sér gengnum ökutækjum eru ekki tiltækar í öllum aðildarríkjum. Til að fylgjast með því hvort landsbundin markmið hafi náðst skal nota meðaltal ESB fyrir eldsneytismagn þannig að aðferðir við útreikninga verði svo samhæfðar sem unnt er og samanburðarhæfi landsbundinna markmiða, sem náðst hafa í aðildarríkjunum, verði tryggð.

- 2) Nauðsynlegt er að samhæfa kennitölur og framsetningu útreikninga á þeim markmiðum, sem sett eru fram í fyrstu undirgrein 2. mgr. 7. gr., til að gögn aðildarríkjanna verði samanburðarhæf.

- 7) Samkvæmt reglum um innri markaðinn getur aðildarríki flutt þau úr sér gengnu ökutæki, sem tekin eru úr umferð á yfirráðasvæði þess, til annarra landa til frekari meðhöndlunar. Til að halda í lágmarki vandamála sem tengjast því hverjum ökutækið tilheyrir og komast hjá mikilli vinnu við vöktun og útreikninga verður hlutfall endurvinnslu og endurnýtingar útfluttra ökutækjahluta talið því aðildarríki, sem flytur þá út, til tekna.

- 3) Einungis er unnt að ná mestu nákvæmni í útreikningum markmiða ef nefnari til útreikningsins byggist á fjölda úr sér genginna ökutækja sem tekið er við til meðhöndlunar í viðkomandi aðildarríki.

- 8) Átaksverkefni um tætingu eru nauðsynleg svo að unnt sé að ákvarða hversu mikið magn efna fellur til þegar úr sér gengin ökutæki eru tætt.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjóð. ESB L 94, 13.4.2005, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2006 frá 27. janúar 2006 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 17, 30.3.2006, bls. 19.

(¹) Stjóð. EB L 269, 21.10.2000, bls. 34. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/63/EB (Stjóð. ESB L 25, 28.1.2005, bls. 73).

- 9) Framkvæmdastjórnin skal halda áfram að vakta hvernig gengur að ná markmiðunum, þ.m.t. umfang útflutningsins og áhrif hans á hlutföll endurvinnslu og endurnýtingar. Í þessu skyni skulu aðildarríki einnig gera grein fyrir gögnum frá því fyrir 2006. Aðeins er heimilt að nota gögnin í tengslum við vöktun.
- 10) Ákvörðun þessi gildir með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2150/2002 frá 25. nóvember 2002 um hagskýrslur um úrgang ⁽¹⁾.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 18. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE ⁽²⁾.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

1. Aðildarríki skulu reikna út hversu vel hefur tekist að ná markmiðum um endurnotkun/endurnýtingu og endurnotkun/endurvinnslu, sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 2000/53/EB, á grundvelli endurnotaðra, endurunninna og endurnýtttra efna eftir afmengun, sundurhlutun og tætingu. Aðildarríki skulu sjá til þess að tekið sé tillit til endurnýtingar sem náðst hefur í reynd hvað varðar efni sem fara til frekari meðhöndlunar. Í því skyni skulu aðildarríki fylla út töflur 1 til 4 í viðaukanum við þessa ákvörðun og gefa ítarlega lýsingu á þeim gögnum sem eru notuð.

2. Þegar aðildarríki fylla út töflur 1 til 4 í viðaukanum geta þau einnig stuðst við gagnamiðað mat varðandi meðalhundraðshluta endurnotaðra, endurunninna og endurnýtttra málma frá úr sér gengnum ökutækjum, hér á eftir nefnt „áætlað málminnihald“. Matið skal stutt nákvæmum gögnum sem skýra áætlaðan hundraðshluta málminnihalds og áætlaðan hundraðshluta endurnotkunar, endurnýtingar og endurvinnslu málma. Þessi gögn skulu gilda um a.m.k. 95% þeirra úr sér gengnu ökutækja sem til falla í viðkomandi aðildarlandi.

3. Upplýsingarnar frá aðildarríkjunum skulu innihalda sundurliðun á eftirfarandi:

- a) núverandi markaði fyrir ökutæki í hverju aðildarríki,
- b) úr sér gengnum ökutækjum á yfirráðasvæðum þeirra og

- c) efnum og íhlutum ökutækjanna, sem þetta mat tekur til, svo að komast megi hjá tvítalningu.

2. gr.

1. Þegar um er að ræða úr sér gengin ökutæki, eða efni eða hluta, sem fengið hafa eyðingarvottorð frá viðurkenndri meðhöndlunarstöð í ríkinu og hafa verið flutt út til annarra aðildarríkja eða þriðju landa til frekari meðhöndlunar skal sú meðhöndlun reiknuð til tekna hjá því aðildarríki sem flytur út þannig að unnt sé að reikna út hvernig tekist hefur að ná markmiðunum ef áreiðanlegar sannanir eru fyrir því að endurvinnslan og/eða endurnýtingin hafi farið fram við aðstæður sem jafngilda í meginatriðum þeim sem mælt er fyrir um í löggjöf Bandalagsins á þessu sviði.

Úr sér gengin ökutæki, sem fengið hafa eyðingarvottorð í öðru aðildarríki eða þriðja landi og eru flutt inn til aðildarríkis til endurnýtingar og/eða endurvinnslu, skulu ekki talin með sem endurnýtt eða endurunnin í því aðildarríki sem flytur þau inn.

2. Ef um er að ræða útflutning til þriðju landa skulu aðildarríkin ákvarða hvort viðbótarskjöl séu nauðsynleg til að sanna að útfluttu efnin séu í reynd endurunnin eða endurnýtt.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu fylla út töflurnar, sem settar eru fram í viðaukanum, árlega og byrja á gögnum fyrir árið 2006 en töflurnar skulu síðan sendar framkvæmdastjórninni innan 18 mánaða frá lokum þess árs sem um ræðir.

2. Að því er varðar árin fyrir 2006 skulu aðildarríki gera framkvæmdastjórninni grein fyrir fyrirbyggjandi gögnum innan 12 mánaða frá lokum þess árs sem um ræðir. Aðeins er heimilt að nota gögn um árin fyrir 2006 í tengslum við vöktun.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 1. apríl 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjtuð. EB L 332, 9.12.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 574/2004 (Stjtuð. ESB L 90, 27.3.2004, bls. 15).

⁽²⁾ Stjtuð. EB L 194, 25.7.1975, bls. 39. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtuð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

VIÐAUKI

Tafla 1: Efni sem falla til við afmengun og sundurhlutun úr sér genginna ökutækja (tonn á ári) sem tekin eru úr umferð í aðildarríkinu og meðhöndluð þar

Efni sem falla til við afmengun og sundurhlutun (**)	Endurnotkun (A)	Endurvinnsla (B1)	Endurnýting orku (C1)	Endurnýting alls (D1 = B1 + C1)	Förgun E1
Rafgeymar					
Vökvar (að frátöldu eldsneyti)					
Olúsur					
Önnur efni sem falla til við afmengun (að frátöldu eldsneyti)					
Hvarfakútar					
Málmhlutir					
Hjólbarðar					
Stórir hlutar úr plasti					
Gler					
Önnur efni sem falla til við sundurhlutun					
Alls					

Tafla 2: Efni sem falla til við tætingu úr sér genginna ökutækja (tonn á ári) sem tekin eru úr umferð í aðildarríkinu og meðhöndluð þar

Efni sem falla til við tætingu (**)	Endurvinnsla (B2)	Endurnýting orku (C2)	Endurnýting alls (D2 = B2 + C2)	Förgun E2
Brotajárn (stál)				
Efni sem ekki innihalda járn (ál, kopar, sink, blý o.s.frv.)				
Léttir efnisþættir frá tætingu				
Annað				
Alls				

Tafla 3: Vöktun (hluta) úr sér genginna ökutækja sem falla til í aðildarríkinu og eru flutt út til frekari meðhöndlunar (tonn á ári)

Heildarþyngd úr sér genginna ökutækja sem flutt eru út, reiknað eftir löndum (**)	Heildarendurvinnsla (hluta) úr sér genginna ökutækja sem flutt eru út (F1)	Heildarendurnýting (hluta) úr sér genginna ökutækja sem flutt eru út (F2)	Heildarförgun (hluta) úr sér genginna ökutækja sem flutt eru út (F3)

Tafla 4: Heildartölur um endurnotkun, endurnýtingu og endurvinnslu úr sér genginna ökutækja (tonn á ári) sem tekin eru úr umferð í aðildarríkinu og meðhöndluð þar eða utan þess

Endurnotkun (A)	Heildarendurvinnsla (B1 + B2 + F1)	Heildarendurnýting (D1 + D2 + F2)	Heildarendumotkun og -endurvinnsla (X1 = A + B1 + B2 + F1)	Heildarendurnotkun og -endurnýting (X2 = A + D1 + D2 + F2)
W (heildarfjöldi úr sér genginna ökutækja) =			%	%
W1 (heildarþyngd ökutækja) =			X1/W1	X2/W1

Athugasemdir:

- Útfylling skygðdu reitanna í töflu 1 er valfrjál.
- Þau aðildarríki, sem styðjast við áætlað málminnihald, skulu styðjast við þetta í þeim hlutum töflu 2 sem varða málma.
- (**): Þegar unnt er skal nota skrá yfir úrgangskóða úr viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB frá 3. maí 2000 sem kemur í stað ákvörðunar 94/3/EB um skrá yfir úrgang samkvæmt a-lið 1. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE um úrgang og ákvörðunar ráðsins 94/904/EB um skrá yfir hættulegan úrgang samkvæmt 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang ⁽¹⁾.

- Aðildarríki, sem styðjast ekki við áætlað málminnihald, skulu reikna út endumotkun (A) á grundvelli eftirtalinnar frádráttaraðferðar: þyngd hvers ökutækis (Wi), að fráðreginni þyngd afmengaða og sundurhlutaða úr sér gengna ökutækisins (yfirbygging) (Wb) og að fráðreginni þyngd afmengðu og sundurhlutuðu efnanna sem send eru til endurnýtingar, endurvinnslu eða endanlegrar förgunar. Aðildarríki, sem styðjast við áætlað málminnihald, skulu ákvarða A (að frátdöldum málmhlutunum) á grundvelli yfirlýsinga frá viðurkenndum meðhöndlunarstöðvum.

Þyngd efna, sem falla til við endurvinnslu/endurnýtingu/förgun, skal ákvörðuð á grundvelli yfirlýsinga frá endurvinnslu-, endurnýtingar- eða söfnunarfyrirtækinu, sem tekur við efnunum, vigtarseðla, annarra bókhaldsgagna eða förgunarseðla.

Reikna skal þyngd einstaks ökutækis (Wi) út frá: i. þyngd ökutækis í umferð sem um getur í skráningarskjölum ⁽²⁾, ii. þyngd ökutækis, sem er tilbúið til aksturs og um getur í samræmisvottorði sem lýst er í IX. viðauka við tilskipun ráðsins 70/156/EBE ⁽³⁾, með áorðnum breytingum, eða iii. þyngd eins og hún er ákvörðuð í forskriftum framleiðanda í tilvikum þar sem þessi gögn eru ekki tiltæk. Hvorki skal telja þyngd ökomanns, sem er ákvörðuð 75 kg, né þyngd eldsneytis, sem er ákvörðuð 40 kg, með þyngd einstaks ökutækis.

Þyngd afmengaða og sundurhlutaða úr sér gegna ökutækisins (yfirbyggingar) (Wb) skal ákvörðuð á grundvelli upplýsinga frá meðhöndlunarfyrirtækinu sem tekur við því.

- Heildarþyngd ökutækjanna (W1) skal reiknuð sem summan af þyngd einstakra ökutækja (Wi).

Reikna skal heildarfjölda úr sér genginna ökutækja (W) á grundvelli fjölda úr sér genginna ökutækja sem falla til í aðildarríkinu, þ.e. þegar viðurkennd meðhöndlunarstöð í viðkomandi ríki gefur út eyðingarvottorð.

- Reikna skal magn efna, sem til falla við tætingu úr sér genginna ökutækja á hverjum stað, á grundvelli átaksverkefna um tætingu og fjölda þeirra úr sér gengnu ökutækja sem færð eru til tætingar á staðnum. Fjöldi þeirra úr sér gengnu ökutækja, sem færð eru til tætingar á hverjum stað, skal reiknast á grundvelli vigtarseðla, kvittana eða annarra bókhaldsgagna. Aðildarríkin skulu greina framkvæmdastjórninni frá því hversu mörg átaksverkefni um tætingu standa yfir á yfirráðasvæði þeirra. Gera skal grein fyrir raunverulegri endurvinnslu/endurnýtingu reiknaðra efna sem til falla (annarra en málma) á grundvelli yfirlýsinga frá söfnunar- eða endurvinnslu-/endurnýtingarfyrirtækinu, sem tekur við efnunum, vigtarseðla, annarra bókhaldsgagna eða förgunarseðla.

⁽¹⁾ Stjtuð. EB L 226, 6.9.2000, bls. 3.

⁽²⁾ Frá 1. júní 2004, gildistökuðegi tilskipunar ráðsins 1999/37/EB um skráningarskjöl fyrir ökutæki (Stjtuð. EB L 138, 1.6.1999, bls. 57), skal skrá þyngd ökutækis, sem hefur verið tekið í umferð, í G-lið.

⁽³⁾ Stjtuð. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1.